

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn miðvikudaginn 12. júní 2024, klukkan 12.00 að Suðurlandsvegi 1-3 Helli.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson Mýrdalshreppi, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Jón Valgeirsson frá Rangárþingi ytra, Anton Kári Halldórsson og Sigríður Karólína Viðarsdóttir (mætti kl. 12:32) frá Rangárþingi eystra, Jóhannes Gissurarson og Einar Kristján Jónsson frá Skaftárhreppi, Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri FSRV og Ólafur Gestsson frá PriceWaterhouse Coopers. Enginn fulltrúi mætti frá Ásahreppi.

Einar Freyr Elínarson formaður stjórnar FSRV setti fundinn og leitaði eftir athugasemdum um boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar og fundurinn því lögmætur.

Samþykkt var að Margrét Harpa Guðsteinsdóttir yrði fundarstjóri og Einar Freyr Elínarson fundarritari.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings 2023

Ólafur Gestsson endurskoðandi PWC kynnti endurskoðunarskýrslu og ársreikning byggðasamlagsins fyrir 2023. PWC áritar ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2023 fyrirvaralaust.

Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri kynnti ársskýrslu fyrir starfsárið 2023.

Aðalfundur staðfestir ársreikning Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. fyrir árið 2023.

Aðalfundur þakkar framkvæmdastjóra og starfsfólki byggðasamlagsins fyrir sinn þátt í góðum rekstri byggðasamlagsins.

2. Kosning endurskoðenda


Gerð var tillaga að því að Pricewaterhouse Coopers sjái um endurskoðun fyrir byggðasamlagið.

Samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um laun stjórnar byggðasamlagsins

Gerð var tillaga að því að laun stjórnar fyrir hvern fund verði 2% af þingfararkaupi fyrir almenna fulltrúa og 4% fyrir formann stjórnar.

Samþykkt samhljóða.



4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd og fundi slitið kl. 12:50.

Magrit Hópa Guðstonsd.
Sigríður K. Víðarsdóttir

Erinn K. F.
Jóhanna Arnarsdóttir

Ólafur P. Ólafsson

Andri Snær Magnason

Jón J. Vábergsen

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella

FUNDARGERÐ

83. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 13:00 miðvikudaginn 12. júní 2024 að Suðurlandsvegi 1-3 á Helli.

Mætt voru:

Einar Freyr Elínarson, formaður
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Sigríður Karólína Viðarsdóttir
Einar Kristján Jónsson
Svava Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri

Kristín Hreinsdóttir forfallaðist og varamaður einnig.

Einar Freyr ritaði fundargerð í forföllum ritara.

Lagt var til að erindi frá talmeinafræðingi FSRV yrði bætt við dagskrá fundarins.
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- Stjórn skiptir með sér verkum
Lagt var til að skipan stjórnar yrði óbreytt, Einar Freyr Elínarson verði formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður og Kristín Hreinsdóttir ritari.
Samþykkt samhljóða
- Erindi frá talmeinafræðingi FSRV
Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá talmeinafræðingi þar sem óskað er eftir því að tímafjöldi barna með vægari frávik verði hækkaður úr 6 tímum í 10 tíma á ársgrundvelli.
Stjórn samþykkir samhljóða að verða við erindinu.
- Önnur mál
Samþykkt er að næsti fundur verði haldinn mánudaginn 26. ágúst kl. 09:00.

Fundi slitið kl. 13:15

Einar Freyr Elínarson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Einar Kristján Jónsson
Sigríður Karólína Viðarsdóttir